




Verðbréfalýsing víxla



Efnisyfirlit

1. ÁHÆTTUÞÆTTIR.....	4
1.1. Almenn áhætta víxla.....	4
1.2. Lagaumhverfi	5
1.3. Áhætta tengd víxlunum	5
1.3.1. Markaðsáhætta.....	5
1.3.2. Seljanleikaáhætta.....	5
1.3.3. Lausafjáraáhætta.....	6
2. UPPLÝSINGAR UM VÍXLANA OG TÖKU TIL VIÐSKIPTA	6
2.1. Útgefandinn	6
2.2. Upplýsingar um víxlana.....	6
2.3. Heimild til víxlaútgáfu.....	9
2.4. Löggjöfin sem víxlarnir eru gefnir út í samræmi við	9
2.5. Skráning á markað og fyrirkomulag viðskipta með víxlana.....	9
3. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA	10
3.1. Yfirlýsing ábyrgðaraðila verðbréfalýsingar.....	10
3.2. Hugsanlegir hagsmunaárekstrar	10
3.3. Skjöl til sýnis	10
3.4. Uppfærsla útgefandalýsingar	10
3.4.1. Uppfærsla inngangs	10
3.4.2. Uppfærsla kafla 1.1.1. Útlánaáhætta	11
3.4.3. Uppfærsla kafla 1.1.2. Lausafjáraáhætta	11
3.4.4. Uppfærsla kafla 1.1.3. Markaðsáhætta	11
3.4.5. Uppfærsla kafla 1.1.4. Vaxtaáhætta.....	12
3.4.6. Uppfærsla kafla 1.1.5. Skuldabréfaáhætta	12
3.4.7. Uppfærsla kafla 1.1.6. Hlutabréfaáhætta	12
3.4.8. Uppfærsla kafla 1.1.7. Gjaldeyrisáhætta.....	12
3.4.9. Uppfærsla kafla 1.1.8. Verðtryggingaráhætta.....	12
3.4.10. Uppfærsla kafla 1.2.1. Lagaáhætta	13
3.4.11. Brottfall kafla 1.2.5. Áhætta vegna samninga	13
3.4.12. Uppfærsla yfirlýsinga	13
3.4.13. Uppfærsla kafla 3.1. Almennar upplýsingar.....	15
3.4.14. Uppfærsla kafla 3.2. Saga útgefanda	15

3.4.15.	Brottfall kafla 3.3. Nýlegur samruni og kaup	16
3.4.16.	Nýr kafli 3.3. Viljayfirlýsing	16
3.4.17.	Uppfærsla kafla 4.1. Almennt um starfsemi útgefanda	16
3.4.18.	Uppfærsla kafla 4.2.1. Skipulag	17
3.4.19.	Uppfærsla á kafla 4.2.2 Eignastýring	17
3.4.20.	Uppfærsla á kafla 5.3.3. Lánanefnd.....	18
3.4.21.	Uppfærsla á kafla 6.2. Hluthafar	18
3.4.1.	Uppfærsla á kafla 7.1. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar	19
3.4.2.	Uppfærsla á kafla 7.3. Nýjustu fjárhagsupplýsingar	19
3.4.3.	Uppfærsla á kafla 7.4. Skýringar í samstæðuársreikningum o.fl.....	22
3.4.4.	Uppfærsla á kafla 8 Skjöl til sýnis.....	23
4.	ÚTGÁFULÝSING	24

Verðbréfalýsing þessi er birt af Kviku banka hf., kt. 540502-2930, Borgartúni 25, 105 Reykjavík (hér eftir „Kvika“, „útgefandinn“, „bankinn“ eða „félagið“) þann 4. október 2018 og er hluti af lýsingu félagsins sem samanstendur af tveimur skjölum, þ.e. verðbréfalýsingu þessari og útgefandalýsingu sem gefin var út af útgefanda og staðfest af Fjármálaeftirlitinu þann 23. maí 2018.

Verðbréfalýsing þessi er gefin út vegna umsóknar um töku víxlaútgáfu bankans með auðkenninu, KVB 19 0321, til viðskipta í Kauphöll Íslands, kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík.

Verðbréfalýsing þessi veitir upplýsingar um mikilvæga eiginleika og áhættu sem tengjast víxlunum og uppfyllir hún kröfur XIII. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 frá 29. apríl 2004 um lágmarkskröfur um upplýsingar sem koma skulu fram í verðbréfalýsingu fyrir afleidd verðbréf þar sem nafnvirði hvers einingar er a.m.k. 100.000 evrur.

Upplýsingar sem fram koma í verðbréfalýsingunni byggja á staðreyndum og aðstæðum eins og þær voru á staðfestingardegi hennar og geta breyst án fyrirvara. Komi fram nýjar upplýsingar sem geta haft áhrif á verð víxlanna frá staðfestingu lýsingarinnar og fram að þeim degi þegar viðskipti með víxlana í Kauphöllinni hefjast mun útgefandi útbúa viðauka við lýsinguna og birta á sama hátt og lýsinguna á evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti („vvl.“).

Útprentuð eintök lýsingarinnar má nálgast í 12 mánuði frá staðfestingu hennar á skrifstofu útgefanda. Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu útgefanda <https://www.kvika.is/um-kviku/um-kviku>.

Í verðbréfalýsingu þessari vísa „víxlarnir“ og „víxlaútgáfan“ til víxlaflokksins KVB 19 0321 sem er sá flokkur sem sótt er um að tekinn verði til viðskipta í Kauphöllinni.

1. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Áhættuþáttum þeim sem lýst er hér á eftir eru þeir sem útgefanda er kunnugt um og sem að hans mati eiga sérstaklega við um víxla útgefna af honum. Áhættuþættir þessir eru háðir óvissu og því er útgefanda ekki mögulegt að segja til um líkur á því að þeir geti átt sér stað. Möguleiki er á því að útgefandi geti ekki staðið við skuldbindingar samkvæmt víxlunum vegna annarra þátta sem ekki eru taldir áhættuþættir á grundvelli þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir og útgefanda er kunnugt um.

1.1. Almenn áhætta víxla

Fjárfesting í víxlum felur alltaf í sér áhættu. Verðmæti víxlanna kann að minnka jafnt sem aukast. Fjárfestar geta tapað verðmæti hluta eða allrar fjárfestingar sinnar í víxlum. Margvísleg atriði geta valdið breytingum á verðmæti víxlanna m.a. almennt efnahagsástand, vaxtaákvörðanir Seðlabanka Íslands, breytingar á lögum og reglugerðum og aðrir atburðir.

1.2. Lagaumhverfi

Um útgáfu víxlanna gilda lög um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997 og Víxillög, nr. 93/1933.

Pá gilda um útgáfuna reglugerð nr. 837/2013, um almenn útboð verðbréfa að verðmæti jafnvirðis 5.000.000 evra í íslenskum krónum eða meira og töku verðbréfa til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, reglugerð nr. 243/2006, um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga og aðrar reglugerðir og löggjöf sem varða útgáfu og víðskipti með verðbréf.

Pá gilda reglur FME nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja, reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik, reglugerð nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningaskyldu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglur Nasdaq Iceland hf. fyrir útgefendur fjármálagerninga um útgáfuna og útgefanda. Breytingar á löggjöf sem tengist útgáfunni kunna að hafa áhrif á verðmæti víxlanna.

Útgefanda ber að fara eftir framangreindum lögum og reglum sem meðal annars fela í sér upplýsingaskyldu.

Eðli máls samkvæmt getur útgefandi ekki séð fyrir breytingar á löggjöf og getur því hvorki tekið ábyrgð á mögulegum áhrifum á verð né öðrum afleiðingum sem slíkar breytingar kunna að hafa á víxlana. Á þetta við um allar breytingar á lögum og reglum settum af löggjafanum og stjórnvöldum sem og breytingar sem kunna að stafa af niðurstöðum dómstóla eða stjórnvalda.

Einnig ber að hafa í huga að breytingar á löggjöf Evrópusambandsins á þessu sviði kunna að hafa áhrif á útgefanda og víxlana vegna aðildar Íslands að EES-samningnum.

1.3. Áhætta tengd víxlunum

1.3.1. Markaðsáhætta

Verðmæti víxla kann að taka breytingum vegna aðstæðna á markaði. Þannig getur virði víxlanna lækkað ef almenn ávöxtunarkrafa á markaði hækkar og virði hækkað ef ávöxtunarkrafa lækkar.

1.3.2. Seljanleikaáhætta

Víxlarnir hafa ekki áður verið teknir til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Þó að víxlarnir verði teknir til víðskipta í kauphöll getur útgefandi ekki ábyrgst að víðskipti með þá verði virk. Enginn skylda hvílir á útgefanda að viðhalda virkum markaði með víxlana og ekki er fyrirhugað að víðskiptavakt verði með þá. Því kann að myndast seljanleikaáhætta, þ.e. áhættan af því að ekki sé hægt að selja víxlana þegar vilji er fyrir því. Áhættan birtist með þeim hætti að markaðurinn getur ekki tekið við því magni sem til stendur að selja eða að verðmyndun sé með þeim hætti að verulegur munur er á kaup- og sölugengi víxlanna.

1.3.3. Lausafjánhætta

Útgefandi kann að lenda í þeirri stöðu að eiga ekki nægilegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla í gjalddaga. Útgefandi stýrir lausafjánhættu sinni til þess meðal annars að tryggja að hann eigi ávallt nægilegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum.

2. UPPLÝSINGAR UM VÍXLANA OG TÖKU TIL VIÐSKIPTA

2.1. Útgefandinn

Lögheiti útgefandans er Kvika banki hf. og viðskiptaheiti Kvika. Útgefandi er hlutafélag stofnað 7. maí 2002 í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995. Kennitala útgefanda er 540502-2930, og heimilisfang Borgartún 25, 105 Reykjavík. Útgefandi starfar samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Lögformlegt heiti	Kvika banki hf.
Viðskiptaheiti	Kvika
Félagaform	Hlutafélag
Kennitala	540502-2930
Höfuðstöðvar og heimilisfang	Borgartún 25, 105 Reykjavík
LEI kóði	254900WR3I1Z9NPC7D84
Vefsíða	www.kvika.is
Símanúmer	540 3200
Auðkenni hjá Nasdaq Iceland hf. og Nasdaq verðbréfamiðstöð hf.	KVB

2.2. Upplýsingar um víxlana

Víxlarnir voru gefnir út 19. september 2018 þegar kr. 1.800.000.000, eða 90 nafnverðseiningar, voru gefnar út. Heildarútgáfuheimild í flokknum er kr. 2.000.000.000, eða 100 nafnverðseiningar.

Ástæðan fyrir útgáfu víxlanna er að auka fjölbreytileika í fjármögnun bankans. Víxlarnir eru seldir á flötum vöxtum 4,82%. Söluvirði útgáfunnar er 1.757.181.394 krónur og er nettósöluandvirði eftir kostnað áætlað 1.755.401.394 krónur. Kostnaður er áætlaður 1.780.000 króna og er þar um að ræða vinnu við verðbréfa- og útgefandalýsingu og kostnað til Fjármálaeftirlitsins, Nasdaq Iceland hf. og Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf.

Markmiðið með því að fá víxlana tekna til viðskipta í kauphöll er að stuðla að auknum seljanleika og markaðshæfi þeirra auk þess að tryggja fjárfestum að starfshættir og

upplýsingagjöf útgefanda séu í samræmi við reglur sem gilda um útgefendur fjármálagerninga í kauphöll.

Auðkenni	KVB 19 0321.
ISIN númer	IS0000030260.
Tegund bréfs	Víxlar, vaxtalausir með forvaxtafyrirkomulagi.
CFI númer	D-Y-Z-U-X-R.
Skráð rafrænt	Víxlarnir eru gefnir út með rafrænum hætti í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf., Laugavegi 182, 5. hæð, 105 Reykjavík. Eignaskráning rafréfa hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. veitir skráðum eiganda hennar lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að.
Tegund afborgana	Ein greiðsla höfuðstóls á gjalddaga.
Útgáfuland	Ísland.
Gjaldmiðill	ISK – íslenskar krónur.
Nafnverðseiningar	20.000.000,-.
Heildarheimild	2.000.000.000,-.
Pegar útféið	1.800.000.000,-.
Útgáfudagur	19.09.2018.
Fjöldi gjalddaga höfuðstóls í heildina	1.
Gjalddagi höfuðstóls	21.03.2019.
Greiðslur vaxta og vaxtaþrósentu	Víxlarnir eru vaxtalausir og eru seldir með forvaxtafyrirkomulagi.
Reikniregla vaxta	Einfaldir
Dagaregla	Actual/360.
Vísitölutrygging	Nei.
Innkallanlegt	Nei.
Innleysanlegt	Nei.
Fyrning	Kröfur samkvæmt víxlunum fynast sé þeim ekki lýst innan tíu ára frá gjalddaga, skv. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Kröfur um vexti og

verðbætur fyrnast á fjórum árum frá gjalddaga skv. 3. gr. sömu laga.

Breytanlegt

Nei.

Greiðslustaður

Útgefandi mun, fyrir milligöngu Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf., greiða nafnvirði víxlanna á gjalddaga til þeirra reikningsstofnana þar sem skráðir eigendur víxlana hafa VS-reikning (með VS-reikningi er átt við reikning í skilningi laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa).

Ef afborgun lendir á helgi/frídegi, á að bæta við vöxtum yfir þá daga sem afborgun seinkar um?

Nei.

Viðskiptavakt

Ekki verður viðskiptavakt með víxlana.

Framsäl

Við eigendaskipti verða víxlarnir aðeins framseldir til nafngreindra aðila og í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa. Að öðru leyti eru engar takmarkanir á framsali víxlanna.

Vanskil

Um vanskil skal fara eftir ákvæðum víxillaga nr. 93/1933. Verði vanskil á greiðslu víxlanna á gjalddaga og þeir eru ekki greiddir upp innan þriggja daga, skal handhafa vera heimilt að gjaldfella skuldina með skriflegri tilkynningu til útgefanda. Við móttöku útgefanda á gjaldfellingartilkyningu skulu víxlarnir teljast fallnir í gjalddaga og útgefanda skylt að greiða þá upp í samræmi við skilmála þeirra.

Breytingar á skilmálum

Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. um allar breytingar sem kunna að verða gerðar á skilmálum víxilflokksins.

Hlunnindi

Engin hlunnindi eru tengd víxlunum.

Skattur

Útgáfan er rafrænt skráð hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. Ábyrgð á útreikningi og töku fjármagnstekjuskatts liggur hjá þeirri reikningsstofnun sem varslar viðkomandi bréf.

Gjöld

Útgefandi greiðir allan kostnað við útgáfuna þ.m.t. gjöld til Nasdaq Iceland hf.

Ágreiningsmál

Rísi mál út af víxli þessum má reka þau fyrir héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Forgangsröðun

Krafa á hendur útgefanda á endurgreiðslu höfuðstóls víxlanna er almenn krafa og nýtur ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur Kvíku á hverjum tíma.

2.3. Heimild til víxlaútgáfu

Víxlarnir eru gefnir út samkvæmt heimild fjármálanefndar útgefanda þann 13. september 2018.

2.4. Löggjöfin sem víxlarnir eru gefnir út í samræmi við

Um útgáfu víxlanna gilda lög um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, og eftir atvikum önnur tengd löggjöf og reglur, t.d. lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997, Víxillög, nr. 93/1933, og lög um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001. Þá kunna lög um fyrningu kröfuréttinda, nr. 150/2007, að koma til skoðunar í viðeigandi tilvikum.

Þá gilda um starfsemi útgefanda lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og lög um hlutafélag, nr. 2/1995.

2.5. Skráning á markað og fyrirkomulag viðskipta með víxlana

Þegar lýsing þessi hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu mun útgefandi óska eftir því að víxlarnir verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Í kjölfarið mun Kauphöllin fara yfir umsókn félagsins og tilkynna opinberlega ef víxlarnir verða teknir til viðskipta og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur verði með bréfin á hinum skipulega verðbréfamarkaði.

Útgefandi er þegar útgefandi fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta í Kauphöllinni, Nasdaq Iceland hf., og lýtur hann því nú þegar upplýsingaskyldu á markaði samkvæmt settum lögum og reglugerðum um verðbréfavíðskipti og reglum Nasdaq Iceland hf. Núgildandi reglur kveða meðal annars á um að útgefandi víxla skuli kappkosta að birta opinberlega og án tafar allar áður óbirtar upplýsingar um ákvarðanir eða atvik sem hann veit eða má vita að kunni að hafa marktæk áhrif á verð víxlanna.

Víxilflokkur verður afskráður sjö sólarhringum eftir gjalddaga, nema tilkynning um annað berist frá útgefanda. Útgefanda ber að tilkynna Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. um greiðslufall flokksins og skal í því tilviki senda Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. tilkynningu þar um þegar greiðsla hefur farið fram.

3. TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

3.1. Yfirlýsing ábyrgðaraðila verðbréfalýsingar

Formaður stjórnar og forstjóri Kviku banka hf., kt. 540502-2930, Borgartúni 25, 105 Reykjavík lýsa því hér með yfir fyrir hönd útgefanda að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar sem lýsingin hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 4. október 2018

F.h. Kviku



Kristín Pétursdóttir, stjórnarformaður

F.h. Kviku



Ármann Þorvaldsson, forstjóri

3.2. Hugsanlegir hagsmunaárekstrar

Útgefandi hefur sjálfur umsjón með töku víxlanna til viðskipta og sá um gerð lýsingar og því kom enginn þriðji aðili að gerð þessarar lýsingar sem kynni að hafa annarra hagsmuna að gæta en útgefandi. Hins vegar geta falist hagsmunaárekstrar í slíkri aðstöðu en í samræmi við yfirlýsingar fyrirsvarsmanna í kafla 3.1 hér að ofan þá eru upplýsingar í þessari lýsingu í samræmi við staðreyndir og engum upplýsingum sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar er sleppt.

Stjórn útgefanda er ekki kunnugt um og telur enga hagsmunaárekstra til staðar sem máli skipta fyrir útgáfuna.

3.3. Skjöl til sýnis

Útgáfulýsing víxlanna er hluti af þessari verðbréfalýsingu og er hún sett fram í 4. kafla hér að neðan.

3.4. Uppfærsla útgefandalýsingar

Útgefandalýsing sem birt var af útgefanda og staðfest var af Fjármálaeftirlitinu þann 23. maí 2018 er hluti af lýsingu útgefanda dags. 4. október 2018 og er hún uppfærð á eftirfarandi hátt með tilliti til þessarar verðbréfalýsingar.

3.4.1. Uppfærsla inngangs

Inngangur í útgefandalýsingu verður svohljóðandi:

Útgefandalýsing þessi er birt af Kviku banka hf., kt. 540502-2930, Borgartúni 25, 105 Reykjavík (hér eftir „Kvika“, „útgefandinn“, „bankinn“ eða „félagið“) þann 23. maí 2018 og er hluti af lýsingu félagsins sem samanstendur af tveimur skjölum, þ.e. verðbréfalýsingu, dags.

4. október 2018, og útgefandalýsingu þessari, auk uppfærslu hennar í kafla 3.4. í verðbréfalýsingu. Kvika er sérhæfður banki sem er leiðandi í eignastýringu og fjárfestingastarfsemi. Kvika er með starfsleyfi sem viðskiptabanki skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Útgefandalýsing þessi er gefin út í tengslum við umsókn um töku víxlaútgáfu Kvikú með auðkenninu KVB 19 0321, sem gefin var út 19. september 2018, til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf., kt. 681298-2829, Laugavegi 182, 105 Reykjavík, og veitir hún upplýsingar um mikilvæga eiginleika og áhættu sem tengjast útgefanda.

Upplýsingar sem fram koma í útgefandalýsingunni byggja á staðreyndum og aðstæðum eins og þær voru á staðfestingardegi hennar og geta breyst án fyrirvara. Komi fram nýjar upplýsingar sem geta haft áhrif á verð víxlanna frá staðfestingu lýsingarinnar og fram að þeim degi þegar viðskipti með víxlana í Kauphöllinni hefjast mun útgefandi útbúa viðauka við lýsingu og birta á sama hátt og lýsinguna á evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti („vvl.“).

Útrentuð eintök lýsingarinnar má nálgast í 12 mánuði frá staðfestingu hennar á skrifstofu útgefanda. Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu útgefanda <https://www.kvika.is/um-kviku/um-kviku#tab2>.

3.4.2. Uppfærsla kafla 1.1.1. Útlánaáhætta

Önnur málsgrein í kafla 1.1.1. *Útlánaáhætta* breytist og verður svohljóðandi:

Upplýsingar um sundurliðun lána til viðskiptavina eftir atvinnugreinum má finna í skýringu nr. 38 c-d í könnuðum samstæðuárshlutareikningi útgefanda fyrir tímabilið 1. janúar 2018 til 30. júní 2018 (hér eftir nefndur „samstæðuárshlutareikningur útgefanda vegna fyrri helmingis ársins 2018“). Um umfang gjaldfallinna lána og virðisrýrnun er fjallað í skýringu nr. 38 í samstæðuárshlutareikningi útgefanda vegna fyrri helmingis ársins 2018. Líftími lánasafnsins var tiltölulega stuttur eða um það bil eitt ár. Frekari greiningu á sjóðstreymi lána má sjá í skýringu 42 í samstæðuárshlutareikningi útgefanda vegna fyrri helmingis ársins 2018.

3.4.3. Uppfærsla kafla 1.1.2. Lausafjáraáhætta

Þriðja málsgrein kafla 1.1.2. *Lausafjáraáhætta* breytist og verður svohljóðandi:

Útgefandi viðheldur ávallt lausafjástöðu í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands um lausafjárlutfall lánastofnana nr. 266/2017. Um nánari upplýsingar um lausafjárlutföll og líftímagreiningu eigna og skulda vísast til skýringar nr. 42 í samstæðuárshlutareikningi útgefanda vegna fyrri helmingis ársins 2018.

3.4.4. Uppfærsla kafla 1.1.3. Markaðsáhætta

Fimmta málsgrein kafla 1.1.3. *Markaðsáhætta* breytist og verður svohljóðandi:

Umfang og eðli stöðu útgefanda í verðbréfum, sem mynda markaðsáhættu má finna í skýringum nr. 17 til 18 og nr. 43 til 47 í samstæðuárshlutareikningi útgefanda vegna fyrri helmingis ársins 2018. Áhættustýring mælir beina áhættu af vaktbókum daglega en það er gert út frá mælikvarðanum fé í húfi (e. Value at Risk, VaR). Fé í húfi er mælikvarði á fjárhagslega áhættu

í fjárfestingarsafni innan ákveðins tímaramma. Tölfræðilegum aðferðum er beitt til að meta áhættuna miðað við fyrirfram gefin skilyrði og tapsáhættu. 99% Value at Risk gefur þannig til kynna upphæð sem líkur eru á að fjárfestingasafnið geti lækkað um í 1% tilvika. Heimild er sett af áhættustýringu bæði fyrir áhættu vegna hlutabréfa og skuldabréfa í vaktbókum og er miðað við tapsáhættu reiknað sem 99% VaR til eins dags.

3.4.5. Uppfærsla kafla 1.1.4. Vaxtaáhætta

Þriðja málsgrein kafla 1.1.4. *Vaxtaáhætta* breytist og verður svohljóðandi:

Um nánari upplýsingar um fastvaxtaáhættu útgefanda vísast til skýringar nr. 44 í samstæðuárshlutareikningi útgefanda vegna fyrri helmings ársins 2018.

3.4.6. Uppfærsla kafla 1.1.5. Skuldabréfaáhætta

Kafla 1.1.5. *Skuldabréfaáhætta* breytist og verður svohljóðandi:

Skuldabréfasafn útgefanda á veltubók samanstendur fyrst og fremst af gnótt- og skortstöðum í bréfum með ríkisábyrgð, en einnig öðrum skráðum skuldabréfum, svo sem sértrygðum skuldabréfum fjármálafyrirtækja. Fyrir nánari upplýsingar um stöður útgefanda í skuldabréfum vísast til skýringar nr. 17, 21 og 32 í samstæðuárshlutareikningi útgefanda vegna fyrri helmings ársins 2018. Við mat á vaxtaáhættu er byggt á niðurstöðum vágreiningar útgefanda, en álagsprófs ávöxtunarkröfu notað til samanburðar.

3.4.7. Uppfærsla kafla 1.1.6. Hlutabréfaáhætta

Kafla 1.1.6. *Hlutabréfaáhætta* breytist og verður svohljóðandi:

Útgefandi hefur bæði gnótt- og skortstöður í skráðum hlutabréfum, ásamt því að eiga í viðskiptum með hlutabréfavalrétti. Þessar stöður eru umfangsminni að markaðsvirði og veltu en viðskipti með skuldabréf og er heimild til áhættuskuldbindingar í sérhverri útgáfu veitt af áhættustýringu. Fyrir nánari upplýsingar um stöður útgefanda í hlutabréfum og afleiðum vísast til skýringar nr. 18, 21 og 32 í samstæðuárshlutareikningi útgefanda vegna fyrri helmings ársins 2018.

3.4.8. Uppfærsla kafla 1.1.7. Gjaldeyrisáhætta

Önnur málsgrein kafla 1.1.7. *Gjaldeyrisáhætta* breytist og verður svohljóðandi:

Um upplýsingar um gjaldeyrisjöfnuð útgefanda og næmni fyrir breytingum á gengi vísast til skýringar nr. 46 a.-e. í samstæðuárshlutareikningi útgefanda vegna fyrri helmings ársins 2018.

3.4.9. Uppfærsla kafla 1.1.8. Verðtryggingaráhætta

Síðari málsgrein kafla 1.1.8. *Verðtryggingaráhætta* breytist og verður svohljóðandi:

Fyrir nánari upplýsingar um verðtryggingarjöfnuð og næmni fyrir breytingum í vísitölu neysluverðs vísast til skýringar nr. 45 a.-d. í samstæðuárshlutareikningi útgefanda vegna fyrri helmings ársins 2018.

3.4.10. Uppfærsla kafla 1.2.1. Lagaáhætta

Kafli 1.2.1. *Lagaáhætta* breytist og verður svohljóðandi:

Við mat á lagalegri áhættu tekur útgefandi mið af áhættu vegna ágreinings um samninga sem útgefandi er aðili að, þar með talið áhættu yfirstandandi og hugsanlegra dómsmála en einnig vegna stjórnslumála og/eða einkaréttarlegra krafna. Þá hefur útgefandi enn fremur lagt mat á hættuna á mögulegum sektargreiðslum eða öðrum refsikenndum ákvörðunum eftirlitsaðila. Við mat á lagalegri áhættu hefur útgefandi enn fremur leitast við að fylgjast náið með eftirfylgni innan útgefanda við gildandi lög og reglur og einnig er fylgst með niðurstöðum dómstóla sem kunna að hafa fordæmisgildi fyrir starfsemi útgefanda sem og laga- og reglubreytingum.

Bankinn er aðili að einu stærra dómsmáli, þar sem fjárhagsleg áhætta er fyrir hendi, en bankinn tók við aðild málsins af Virðingu við samruna félaganna á árinu 2017. Við kaup bankans á Virðingu var hluti kaupverðsins settur á vörslureikning, m.a. til þess að mæta mögulegu tjóni sem kynni að falla á Virðingu, og síðar bankann, vegna þessa dómsmáls. Falli greiðsluskylda á bankann vegna málsins, munu um 100 m.kr. greiðast af þessum vörslureikningi, en greiðsluskylda umfram það fellur á bankann. Dómsmálið sem um ræðir er skaðabótamál sem aðili höfðaði á hendur Virðingu í nóvember 2016. Í málinu gerir aðilinn aðallega kröfu um greiðslu 301 m.kr. ásamt vöxtum en til vara viðurkenningu á skaðabótaskyldu. Málið varðar meinta ófullnægjandi ráðgjöf Auðar Capital hf. (sem síðar sameinaðist Virðingu hf.) í tengslum við fjárfestingu stefnanda sem meðfjárfestis með sjóði sem nú er rekinn af Kvíku og var áður rekinn af Virðingu. Þann 24. janúar 2018 sýknaði Héraðsdómur Reykjavíkur bankann af kröfu stefnanda og dæmdi bankanum 3 m.kr. í málskostnað. Málinu hefur verið áfrýjað af stefnanda og verður það flutt munnlega í Landsrétti þann 6. nóvember 2018.

3.4.11. Brottfall kafla 1.2.5. Áhætta vegna samninga

Kafli 1.2.5. *Áhætta vegna samninga* fellur brott.

3.4.12. Uppfærsla yfirlýsinga

Yfirlýsingar á bls. 12-13 í útgefandalýsingu eru uppfærðar og verða svohljóðandi:

Formaður stjórnar og forstjóri Kvíku banka hf., kt. 540502-2930, Borgartúni 25, 105 Reykjavík lýsa því hér með yfir fyrir hönd útgefanda að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar sem útgefandalýsingin hefur að geyma í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Einnig lýsa formaður stjórnar og forstjóri því yfir f.h. útgefanda að ekki hafi orðið neinar mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu samstæðunnar frá lokum síðasta fjárhagstímabils, að útgefandi hefur ekki gert neina mikilvæga samninga sem ekki tengjast hefðbundinni starfsemi hans sem skipta máli fyrir möguleika útgefandans á að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart verðbréfaeigendum að því er varðar verðbréfin sem stendur til að gefa út og að útgefandi er ekki aðili að öðrum stjórnslu-, dóms- eða gerðardómsmálum sem kunna að hafa haft eða hafa að undanfögnu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar, en því sem útgefandi greinir frá í kafla 1.2.1. *Lagaáhætta*, í útgefandalýsingu þessari. Þá lýsa formaður stjórnar og forstjóri því yfir að ekki hafi orðið neinar

verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda síðan síðustu endurskoðuðu reikningsskil hans voru birt.


Reykjavík, 4. október 2018

F.h. Kvikú



Kristín Pétursdóttir, stjórnarformaður

F.h. Kvikú



Ármann Þorvaldsson, forstjóri

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir þeim fjárhagsupplýsingum sem dregnar eru út úr endurskoðuðum samstæðuársreikningi útgefanda fyrir árin 2016 og 2017, og könnuðum samstæðuárshlutareikningi útgefanda vegna fyrri helmingis ársins 2018, sem koma fram í köflum 7.3, 7.4, 7.5 og 7.6 í útgefandalýsingunni.

Ábyrgð okkar felst í að gefa álit á því hvort fjárhagsupplýsingar sem koma fram í köflum 7.3, 7.4, 7.5 og 7.6 séu í samræmi við útgefinn endurskoðaðan samstæðuársreikning útgefanda fyrir árin 2016 og 2017 og útgefinn kannaðan samstæðuárshlutareikning útgefanda vegna fyrri helmingis ársins 2018.

Álit okkar er að fjárhagsupplýsingar sem fram koma í köflum 7.3, 7.4, 7.5 og 7.6 í útgefandalýsingunni séu í samræmi við þær upplýsingar sem fram koma í endurskoðuðum samstæðuársreikningi útgefanda fyrir árin 2016 og 2017 og könnuðum samstæðuárshlutareikningi útgefanda vegna fyrri helmingis ársins 2018.

Reykjavík, 4. október 2018

DELOITTE ehf.

Pálína Árnadóttir

lögiltur endurskoðandi

Guðmundur Ingólfsson

lögiltur endurskoðandi

3.4.13. Uppfærsla kafla 3.1. Almennar upplýsingar

Lögheiti útgefanda er Kvika banki hf. og viðskiptaheiti Kvika. Útgefandi er hlutafélag stofnað 7. maí 2002 í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995. Kennitala útgefanda er 540502-2930 og heimilisfang Borgartún 25, 105 Reykjavík. Útgefandi starfar samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Útgefandi er hluti af samstæðu þar sem hann er eigandi nokkurra dótturfélaga sem tengjast rekstri hans.

Lögformlegt heiti	Kvika banki hf.
Viðskiptaheiti	Kvika
Félagaform	Hlutafélag
Kennitala	540502-2930
Höfuðstöðvar og heimilisfang	Borgartún 25, 105 Reykjavík
Vefsíða	kvika.is
Símanúmer	540 3200
Auðkenni hjá NASDAQ Iceland hf. og Nasdaq verðbréfamiðstöð hf.	KVB

3.4.14. Uppfærsla kafla 3.2. Saga útgefanda

Kvika á rætur að rekja aftur til ársins 1999 þegar MP Verðbréf hf. var stofnað. MP Verðbréf hf. fékk fjárfestingabankaleyfi á Íslandi árið 2003, og var nafni bankans í kjölfarið breytt í MP Fjárfestingarbanki hf. (hér eftir nefnt „MP“). Árið 2008 fékk MP viðskiptabankaleyfi á Íslandi.

Í apríl árið 2011, keypti hópur einkafjárfesta innlendu starfsemi MP gegnum dótturfélag MP, nb.is – sparisjóð, sem síðar fékk nafnið MP banki hf. Árið 2015 sameinuðust MP banki hf. og Straumur fjárfestingabanki hf. (hér eftir nefndur „Straumur“), og var sameinaður banki nefndur Kvika. Straumur var eini sérhæfði fjárfestingabankinn á Íslandi, með áherslu á markaðsviðskipti, eignastýringu og fyrirtækjaráðgjöf.

Í september árið 2017 keypti Kvika öll hlutabréf útgefin af Virðingu, sem var með starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki frá Fjármálaeftirlitinu. Þann 17. nóvember árið 2017 sameinuðust Kvika og Virðing undir merkjum Kvikú. Virðing lagði einkum áherslu á eigna- og sjóðastýringu, og var með 100 ma.kr. af eignum í stýringu og 35 starfsmenn.

Í september árið 2017 keypti Kvika einnig starfsemi Beringer Finance á sviði fyrirtækjaráðgjafar á Íslandi sem samanstóð af ráðgjafarsamningum og fjórum starfsmönnum. Í október sama ár keypti Kvika síðan öll hlutabréf útgefin af Öldu sjóðum hf. (hér eftir nefnt

„Alda“), sem var rekstrarfélag verðbréfasjóða, og var með 44 ma.kr. af eignum í stýringu og 2 starfsmenn m.v. árslok 2017.

3.4.15. Brottfall kafla 3.3. Nýlegur samruni og kaup

Kafla 3.3. *Nýlegur samruni og kaup* er felldur brott en efni hans eru gerð skil í kafla 3.2. *Saga útgefanda*.

3.4.16. Nýr kafla 3.3. Viljayfirlýsing

Þann 20. júní 2018 birti útgefandi tilkynningu um að útgefandi og hluthafar GAMMA Capital Management hf. (hér eftir nefnt „GAMMA“) hefðu undirritað viljayfirlýsingu um kaup og sölu á öllu hlutafé GAMMA. Í tilkynningunni kemur fram að fyrirhuguð viðskipti séu háð ýmsum skilyrðum, svo sem niðurstöðu áreiðanleikakannana, samþykki eftirlitsaðila og samþykki hluthafafundar Kviku.

Tilkynningin hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

<https://cns.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=845343&messageId=1063227>

3.4.17. Uppfærsla kafla 4.1. Almenn um starfsemi útgefanda

Kafla 4.1. *Almenn um starfsemi útgefanda* breytist og verður svohljóðandi:

Kvika er sérhæfður banki sem er leiðandi í eignastýringu og fjárfestingastarfsemi. Kvika er með starfsleyfi sem viðskiptabanki skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Tekjusvið bankans eru eignastýring, fyrirtækjaráðgjöf, fyrirtækjasvið og markaðsviðskipti. Kvika veitir fyrirtækjum, fjárfestum og einstaklingum víðtæka fjárfestingabanka- og eignastýringarþjónustu, auk valinnar sérhæfðar bankaþjónustu. Eignastýring Kviku hefur áunnið sér traust orðspor og býður upp á þjónustu í öllum helstu eignaflokkum, þ.m.t. skuldabréfum, hlutabréfum og sérhæfðum fjárfestingum, á innlendum og erlendum mörkuðum.

Hjá Kviku starfar hópur samhentra sérfræðinga sem nær árangri í krafti menntunar, markaðsþekkingar og víðtækrar reynslu. Forstjóri Kviku er Ármann Þorvaldsson og stjórnarformaður er Kristín Pétursdóttir. Kvika er að fullu í eigu einkafjárfesta, þ.e. lífeyrissjóða, fyrirtækja í einkaeigu og einstaklinga.

Hlutabréf Kviku voru tekin til viðskipta á Nasdaq First North Iceland þann 16. mars 2018.

Þann 2. júlí 2018 birti útgefandi tilkynningu þar sem fram kemur að stjórn Kviku hafi á fundi sínum þann 2. júlí 2018 samþykkt að stefna að skráningu hlutabréfa bankans á Aðalmarkað Nasdaq Iceland á næstu 6 – 12 mánuðum.


Tilkynningin hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

<https://cns.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=846953&messageId=1065316>

3.4.18. Uppfærsla kafla 4.2.1. Skipulag

Kafla 4.2.1. Skipulag breytist og verður svohljóðandi:

Skipurit útgefanda má sjá hér fyrir neðan á mynd 1. Þann 30.06.2018 voru 110 manns í fullu starfi hjá samstæðu bankans. Þar af störfuðu 98 hjá móðurfélaginu en 12 hjá dótturfélögum þess, Júpíter rekstrarfélagi (hér eftir nefnt „Júpíter“), Rekstrarfélagi Virðingar hf. (hér eftir nefnt „Rekstrarfélag Virðingar“), og Kviku Securities Ltd.



Mynd 1: Skipurit útgefanda

Þann 30. júní 2018 samanstóð samstæðan af 29 félagi. Helstu dótturfélög innan samstæðunnar eru talin upp í skýringu 22 í samstæðuárshlutareikningi útgefanda vegna fyrri helmingis ársins 2018. Meðal þeirra eru Júpíter, Rekstrarfélag Virðingar og Kvika Securities Ltd.

Júpíter er rekstrarfélag verðbréfasjóða, og með starfsleyfi sem slíkt skv. lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Þann 31. maí 2018 samþykkti Fjármálaeftirlitið samruna Júpíters og Öldu. Samruninn tók gildi frá og með dagslokum 31. maí 2018 og hefur félagið starfað undir nafni og kennitölu Júpíters frá þeim tíma. Samhliða samrunanum gengu tveir starfsmenn Öldu til liðs við Júpíter.

Júpíter starfrækir nú 30 sjóði. Rekstarfélag Virðingar er einnig rekstrarfélag verðbréfasjóða, með starfsleyfi sem slíkt skv. lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Rekstrarfélag Virðingar starfrækir nú fimm sjóði.

Kvika Securities Ltd. er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins í Bretlandi (e. Financial Conduct Authority) og veitir ráðgjafarþjónustu.

3.4.19. Uppfærsla á kafla 4.2.2 Eignastýring

Kafla 4.2.2 Eignastýring breytist og verður svohljóðandi:

Eignastýring útgefanda skiptist í eignastýringu fagfjárfesta, einkabankaþjónustu, sérhæfðar fjárfestingar og framtakssjóði. Eignastýring hefur verið hluti af meginstarfsemi útgefanda frá

upphafi og byggir starfsemi eignastýringar á traustu og faglegu viðskiptasambandi við viðskiptavinum til lengri tíma.

Einkabankþjónusta og eignastýring fagfjárfesta býður viðskiptavinum upp á eignastýringar- og fjárfestingaráðgjafarþjónustu. Sviðið leggur áherslu á að bjóða viðskiptavinum uppá sérhæfð fjárfestingartækifæri, virka eignastýringu, auk úrvals af innlendum og erlendum sjóðum og öðrum stöðluðum fjárfestingarafurðum. Þar á meðal er fjárfest í sjóðum sem reknir eru af rekstrarfélögum innan samstæðunnar.

Sérhæfðar fjárfestingar annast m.a. rekstur, og koma að stýringu, ýmissa fasteignasjóða og -verkefna. Á meðal verkefna er rekstur á FÍ Fasteignafélagi slhf.

Framtakssjóðir annast rekstur á framtakssjóðum. Á meðal þeirra eru Auður I slf., sem stofnaður var árið 2008 og Edda slhf. Þá hefur Kvika lokið við fjármögnun og stofnun nýs framtakssjóðs sem ber heitið Freyja framtakssjóður slhf., og tilkynnt var um þann 2. júlí 2018. Tilkynningin hefur verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð: <https://www.kvika.is/um-kviku/frettir/kvika-stofnar-nyjan-framtakssjod>.

Undanfarin ár hafa eignir í stýringu vaxið ár frá ári sem skýrist bæði af ytri og innri vexti. Heildareignir í stýringu hjá útgefanda og dótturfélögum þann 31.12.2016 voru um 121 ma.kr. Kaup útgefanda á Virðingu og Öldu höfðu í för með sér tvöföldun á eignum í stýringu útgefanda og dótturfélaga, sem voru í kringum 271 ma.kr. í lok júní 2018.

Meirihluti eigna í stýringu útgefanda og dótturfélaga er fjárfestur á innlendum mörkuðum þar sem útgefandi hefur sýnt fram á trausta ávöxtun í helstu eignaflokkum. Áhersla er lögð á þróun á nýjum vörum fyrir íslenska markaðinn í helstu eignaflokkum og má þar nefna fasteignir, fyrirtækjaskuldabréf og óskráð hlutabréf. Útgefandi hefur áunnið sér sterka stöðu í erlendri eignastýringu með samstarfi við erlend eignastýringarfyrirtæki.

3.4.20. Uppfærsla á kafla 5.3.3. Lánanefnd

Kafla 5.3.3. *Lánanefnd* breytist og verður svohljóðandi:

Lánanefnd fjallar um lánastarfsemi bankans og fjárfestingar í óskráðum verðbréfum. Nefndin samþykkir einstakar stærri lánveitingar og er aðal vettvangur fyrir umfjöllun um lánareglur bankans, þ.m.t. lánaheimildir viðeigandi sviða bankans. Í lánanefnd sitja forstjóri, aðstoðarforstjóri, framkvæmdastjóri fyrirtækjaviðs, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrar og yfirlögfræðingur. Forstöðumaður áhættustýringar situr fundi nefndarinnar og hefur neitunarvald.

3.4.21. Uppfærsla á kafla 6.2. Hluthafar

Kafla 6.1. *Hluthafar* breytist og verður svohljóðandi:

Hluthafafundur er æðsta vald í öllum málefnum útgefanda innan þeirra takmarka sem samþykktir hans og landslög setja. Hluthafar sem ráða minnst 1/20 hlutfjár í útgefanda geta, skv. samþykktum, krafist þess að stjórn boði til hluthafafundar. Á hluthafafundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum, nema öðruvísi sé mælt fyrir í samþykktum útgefanda eða landslögum.

Neðangreind tafla sýnir 10 stærstu hluthafa félagsins miðað við 2. október 2018:

Nafn	Kennitala	Fjöldi hluta	Hlutfall
Vátryggingafélag Íslands hf.	690689-2009	176.736.448	9,58%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	430269-4459	175.077.668	9,49%
RES II ehf.	470417-0560	169.197.677	9,17%
K2B fjárfestingar ehf.	681209-3360	142.089.450	7,70%
Arion banki hf.	581008-0150	112.770.702	6,11%
Íslandsbanki hf.	491008-0160	64.190.905	3,48%
Lífswerk lífeyrissjóður	430269-4299	62.755.091	3,40%
Sindrandi ehf.	661013-2220	45.757.816	2,48%
Mízar ehf.	410411-0670	39.126.405	2,12%
RPF ehf.	510108-1160	38.620.665	2,09%

3.4.1. Uppfærsla á kafla 7.1. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Kafla 7.1. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar breytist og verður svohljóðandi:

Ársreikningur samstæðu útgefanda vegna ársins 2016 og 2017 og samstæðuársreikningur útgefanda vegna fyrri helmingis ársins 2018 eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, og viðbótarkröfur í íslensku ársreikningalögunum, og styðjast við þá forsendu að viðkomandi félög hafi verið rekstrarhæf á þeim tíma.

3.4.2. Uppfærsla á kafla 7.3. Nýjustu fjárhagsupplýsingar

Kafla 7.3. Nýjustu fjárhagsupplýsingar breytist og verður svohljóðandi:

Nýjasti endurskoðaði samstæðuársreikningur útgefanda var samþykktur 17. febrúar 2018 og er fyrir fjárhagstímabilið 1. janúar til 31. desember 2017. Nýjasti kannaði samstæðuársreikningur útgefanda var samþykktur 23. ágúst 2018 og er fyrir tímabilið 1. janúar 2018 til 30. júní 2018. Ekki hafa orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda frá því að síðustu endurskoðuðu reikningsskil hans voru birt né orðið mikilvægar breytingar á fjárhags- og viðskiptastöðu útgefanda frá 30. júní 2018.

Rekstrarniðurstaða Kviku á fyrri helmingi ársins 2018 var í samræmi við áætlun. Hagnaður Kviku fyrir skatta á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2018 samkvæmt könnuðu uppgjöri samstæðu bankans nam 1.056 milljónum króna fyrir skatta. Arðsemi eiginfjár miðað við afkomu fyrir skatt á fyrri árhelmingi 2018 var 18,5% á ársgrundvelli.

REKSTRARREIKNINGUR

<i>Fjárhæðir eru í þús. kr.</i>	1H 2018	1H 2017
Vaxtatekjur	2.219.497	2.500.408
Vaxtagjöld	(1.425.662)	(1.693.787)
Hreinar vaxtatekjur	793.835	806.621
Þóknunartekjur	1.988.858	1.359.806
Þóknunargjöld	(72.569)	(63.695)
Hreinar þóknunartekjur	1.916.288	1.296.111
Hreinar fjárfestingatekjur	294.749	385.011
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	(3.603)	80.385
Aðrar tekjur (gjöld)	35.742	4.428
Aðrar rekstrartekjur	326.888	469.825
Hreinar rekstrartekjur	3.037.011	2.572.557
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(1.986.730)	(1.609.144)
Virðisrýrnun útlána og krafna	5.462	(4.664)
Hagnaður fyrir skatta	1.055.744	958.749
Tekjuskattur	(32.765)	(13.152)
Hagnaður tímabilsins	1.022.978	945.597
Tilheyrir hluthöfum Kviku banka hf.	1.012.738	945.597
Hlutdeild minnihluta	10.240	0
Hagnaður tímabilsins	1.022.978	945.597

Eigið fé bankans nam 12,2 milljörðum króna í lok júní 2018 og heildareignir námu 103,4 milljörðum króna. Eiginfjárlutfall bankans var 24,6% sem er umtalsvert umfram kröfu FME, en hún nemur 20,25% með eiginfjárukum. Handbært fé nam 38,5 milljörðum og jókst nokkuð samhliða aukningu í lántökum, innlánnum og skuldabréfaútgáfu. Lausafjárlutfall var 324% í lok júní, sem er verulega umfram lögbundið 100% lágmark, sem og innri markmið bankans. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki verður gjaldfærður í árslok 2018 þar sem skattstofninn miðast við fjárhæð skulda í árslok.

EFNAHAGSREIKNINGUR

<i>Fjárhæðir í þús. kr.</i>	30.06.2018	31.12.2017
Eignir		
Sjóður og innstæða hjá Seðlabanka	38.451.909	20.493.739
Verðbréf með föstum tekjum	4.958.350	5.598.409
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	2.661.920	2.837.375
Verðbréf til áhættuvarna	18.042.611	14.026.433
Útlán	26.879.778	25.338.250
Afleiður	1.142.242	1.052.652
Hlutdeildarfélög	669.257	676.610
Fjárfestingaeignir	803.874	953.874
Óefnislegar eignir	2.319.220	2.284.340
Varanlegir rekstrarfjármunir	47.901	57.251
Skatteign	466.778	464.414
Aðrar eignir	6.965.170	1.797.913
Eignir haldið til sölu	0	15.260
Eignir samtals	103.409.010	75.596.519
Skuldir		
Innlán frá viðskiptavinum	54.028.869	41.749.497
Lántökur	21.708.822	13.731.375
Víxlaútgáfa	3.546.061	3.934.757
Skuldabréfaútgáfa	3.057.516	1.401.879
Víkjandi skuldabréf	1.707.619	1.058.741
Skortstöður í verðbréfum	90.666	370.163
Afleiður	556.379	364.692
Skattar ársins	4.156	789
Skattskuldbinding	84.549	65.658
Aðrar skuldir	6.394.434	1.936.693
Skuldir samtals	91.179.070	64.614.243
Eigið fé		
Hlutfé	1.844.996	1.805.060
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár	2.879.153	2.722.583
Kaupréttarvarasjóður	2.588	903
Áskriftaréttindavarasjóður	204.539	207.048
Sérstakur varasjóður	3.103.697	3.103.697
Aðrir varasjóðir	(21.426)	(21.722)
Bundið eigið fé	364.053	254.844
Óráðstafað eigið fé	3.790.678	2.858.439
Eigið fé sem tilheyrir hluthöfum Kviku banka hf.	12.168.278	10.930.854
Hlutdeild minnihluta	61.663	51.423
Eigið fé samtals	12.229.940	10.982.276

Skuldir og eigið fé samtals103.409.010 75.596.519

3.4.3. Uppfærsla á kafla 7.4. Skýringar í samstæðuársreikningum o.fl.

Kafla 7.4. *Skýringar í samstæðuársreikningum o.fl.* breytist og verður svohljóðandi:

Ítarlegar upplýsingar er varða rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir eigið fé og sjóðstreymi samstæðunnar má finna í skýringum viðkomandi ársreikninga samstæðunnar. Samstæðuársreikningur samstæðu útgefanda fyrir árið 2016 er felldur inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð: <https://www.kvika.is/media/pdf/Kvika---Consolidated-Financial-Statements-31.12.16.pdf>

Samstæðuársreikningur samstæðu útgefanda fyrir árið 2017 er felldur inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð: <https://www.kvika.is/media/pdf/Kvika-Consolidated-Financial-Statements-31.12.2017.pdf>

Samstæðuárshlutareikningur útgefanda vegna fyrri helmingis ársins 2018 er fellur inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð: <https://www.kvika.is/media/pdf/kvika-condensed-consolidated-interim-financial-statements-30.06.18.pdf>

Til að fá heildstætt yfirlit yfir fjárhagsstöðu bankans er mælt með að fjárfestar fari yfir samstæðuársreikning útgefanda fyrir árið 2017 og samstæðuárshlutareikning útgefanda vegna fyrri helmingis ársins 2018, þ.á m. allar skýringar.

Hér fyrir neðan er samantekt lykiltalna úr nýjasta samstæðuársreikningi útgefanda fyrir árið 2017.

Samkvæmt efnahagsreikningi samstæðunnar var eigið fé í árslok 2017 10.982 m.kr. (2016: 7.397 m.kr.) og heildareignir námu 75.597 m.kr. (2016: 59.563 m.kr.).

Samkvæmt rekstrarreikningi samstæðunnar námu hreinar rekstrartekjur á árinu 2017 5.009 m.kr. (2016: 5.318 m.kr.). Hreinar vaxtatekjur jukust verulega á milli ára og námu 1.563 m.kr. (2016: 1.064 m.kr.), hreinar þóknatekjur námu 2.812 m.kr. (2016: 2.840 m.kr.) og aðrar rekstrartekjur námu 635 m.kr. (2016: 1.414 m.kr.).

Rekstrarkostnaður samstæðunnar nam 3.670 m.kr. (2016: 3.219 m.kr.). Í kjölfar sameiningar við Virðingu hefur náðst fram veruleg kostnaðarsamlegð og mun hún hafa jákvæð áhrif á rekstur samstæðunnar til framtíðar. Einskiptisliðir vegna hagræðingaraðgerða og skipulagsbreytinga, svo sem kostnaður vegna starfsloka, hafa talsverð áhrif á afkomu ársins 2017. Heildarfjárhæð einskiptisliða sem bókast sem rekstrarkostnaður eru 328 m.kr. Nánari útlitun á einskiptisliðum má finna í skýringu 8 í samstæðuársreikningi útgefanda fyrir árið 2017.

Hagnaður ársins 2017 var 1.591 m.kr. (2016: 1.955 m.kr.). Hagnaður leiðréttur fyrir einskiptisliðum nam 1.919 m.kr. sem samsvarar arðsemi eigin fjár upp á 24,9% miðað við eigið fé í upphafi árs 2017, leiðrétt fyrir breytingum á hlutfé og viðskiptum með eigin bréf.

Eiginfjárlutfall samstæðunnar var 21,1% í lok árs 2017 (31.12.2016: 20,6%). Lágmarkseiginfjárlutfall fyrir samstæðuna ákvarðað af Fjármálaeftirlitinu í SREP ferli er 14,5%. Lágmarkseiginfjárlutfall með þeim viðbótar eiginfjárukum sem lagðir voru á í kjölfar upptöku CRD IV er 19,5% í lok árs 2017 og 20,25% frá og með 1. janúar 2018.

Bankinn leggur áherslu á að viðhalda sterkri lausafjárstöðu. Seljanleiki eigna bankans er mikill og aðgengi bankans að fjármögnun hefur aukist jafnt og þétt sem endurspeglast í því að fjármögnunarkostnaður bankans lækkaði talsvert á árinu 2017. Þann 31. desember 2017 nam 30 daga lausafjárþekja samstæðunnar (LCR) 215%, sem er talsvert hærra en lágmarkskrafan upp á 100%.

Útgefið hlutafé bankans var 1.815 m.kr. þann 31. desember árið 2017 (2016: 1.404 m.kr.). Í árslok 2017 átti bankinn eigin bréf að nafnvirði 10 m.kr. (2016: 28 m.kr.). Hlutafé bankans var hækkað um 411 m.kr. að nafnvirði á síðari hluta ársins 2017.

3.4.4. Uppfærsla á kafla 8 Skjöl til sýnis

Kafla 8 *Skjöl til sýnis* breytist og verður svohljóðandi:

Meðan lýsing þessi er í gildi geta fjárfestar og aðrir nálgast eftirfarandi skjöl á skrifstofu útgefanda eða á rafrænu formi á heimasíðu hans, <https://www.kvika.is/um-kviku/>

- Samþykktir Kviku banka hf.
- Útgáfulýsing vegna víxla, KVB 19 0321
- Útgefinn endurskoðaður ársreikningur samstæðu Kviku banka hf. fyrir árið 2016
- Útgefinn endurskoðaður ársreikningur samstæðu Kviku banka hf. fyrir árið 2017
- Útgefinn kannaður árshlutareikningur samstæðu Kviku banka hf. vegna tímabilsins 1.1.2018 – 30.6.2018

8.1. Upplýsingar sem eru felldar inn með tilvísun:

Samþykktir Kviku banka hf. eru felldar inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

<https://www.kvika.is/media/pdf/samthyktir-kviku-banka-hf.-18.05.2018.pdf>

Ársreikningur samstæðu Kviku banka hf. fyrir árið 2016 er felldur inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

<https://www.kvika.is/media/pdf/Kvika---Consolidated-Financial-Statements-31.12.16.pdf>

Ársreikningur samstæðu Kviku banka hf. fyrir árið 2017 er felldur inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

<https://www.kvika.is/media/pdf/Kvika-Consolidated-Financial-Statements-31.12.2017.pdf>

Tilkynning útgefanda, dags. 20. júní 2018, um að útgefandi og hluthafar GAMMA Capital Management hf. (hér eftir nefnt „GAMMA“) hefðu undirritað viljayfirlýsingu um kaup og sölu á öllu hlutafé GAMMA er felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

<https://cns.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=845343&messageId=1063227>

Tilkynning útgefanda, dags. 2. júlí 2018, þar sem fram kemur að stjórn Kviku hafi á fundi sínum þann 2. júlí 2018 samþykkt að stefna að skráningu hlutabréfa bankans á Aðalmarkað Nasdaq Iceland á næstu 6 – 12 mánuðum, er verið felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

<https://cns.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=846953&messageId=1065316>

Tilkynning útgefanda, dags. 2. júlí 2018, um að Kvika hefði lokið við fjármögnun og stofnun nýs framtakssjóðs sem ber heitið Freyja framtakssjóður er felld inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

<https://www.kvika.is/um-kviku/frettir/kvika-stofnar-nyjan-framtakssjod>

Árshlutareikningur samstæðu Kviku banka hf. vegna tímabilsins 1.1.2018 – 30.6.2018 er felldur inn í heild sinni með tilvísun og má nálgast undir eftirfarandi vefslóð:

<https://www.kvika.is/media/pdf/kvika-condensed-consolidated-interim-financial-statements-30.06.18.pdf>

4. ÚTGÁFULÝSING

Hér að neðan má sjá útgáfulýsingu víxlanna, dags. 17. september 2018.